

## ÚRSKURÐUR.

Ár 2012, þriðjudaginn 16. október var tekin til úrskurðar kæra Handknattsleiksdeildar KR til Dómstóls HSÍ.

Kæra Handknattleiksdeildar KR vegna sektarákvörðunar mótanefndar HSÍ var send með tölvupósti á skrifstofu HSÍ þann 15. október s.l. Kærði var Handknattleikssamband Íslands f.h. mótanefndar HSÍ.

Aðalkrafa kæranda er að sektarákvörðun mótanefndar sem send var með ódagsettu bréfi frá mótanefnd HSÍ, undirritaðri af Róberti Gíslasyni f.h. nefndarinnar verði felld úr gildi. Varakrafa kæranda er að sektin verði lækkuð.

---

Dómari hefur aftað gagna frá HSÍ. Þann 10. október s.l. kl. 19.39 sendi starfsmaður HSÍ f.h. mótanefndar, tölvupóst til tengiliðs Handknattleiksdeildar KR, Stefáns Arnarssonar, ákvörðun um sekt að fjárhæð kr. 50.000 í kjölfar þess að 4. flokkur kvenna yngri lið 2 hjá Handknattleiksdeild KR dró sig úr keppni.

Í lögum Handknattleikssambands Íslands er í 35. gr. fjallað um kærufrest til Dómstóls HSÍ. Þar segir:

*"Kærufrestur til dómstóls HSÍ er 24 tímar frá því að hið kærða atvik átti sér stað.*

*Frestur til að skjóta úrskurði aganefndar til dómstóls HSÍ er 24 tímar frá birtingu úrskurðarins.*

*Sé máli vísað frá dómi með úrskurði hefur kærandi 24 tíma frest frá birtingu úrskurðarins til að skjóta málínu aftur fyrir dómstólinn."*

Að mati dómsins er eðlilegt að miða upphaf kærufrests í því tilviki sem hér er til umræðu, við það tímamark þegar ákvörðun mótanefndar var birt kæranda, þ.e. 10. október 2012 kl. 19.39. Kærufrestur var 24 tímar frá því tímamarki eða til 11. október kl. 19.39.

Upphaflega sendi kærandi kæru vegna sektarákvörðunarinnar þann 12. október 2012 kl. 11.11 í tölvupósti. Þeirri kæru var vísað frá dómi þar sem kæran fullnægði ekki þeim skilyrðum sem sett eru í 36. gr. laga HSÍ og taldist ekki dómtæk. Þá þegar var kærufrestur liðinn. Hvergi er rökstutt í kæru á hvaða forsendum taka eigi kæruna til afgreiðslu eftir að kærufrestur 35. gr. laga HSÍ er liðinn.

Málínu er vísað frá Dómstól HSÍ sbr. ákvæði 2. mgr. 37. gr. laga HSÍ.

## ÚRSKURÐARORD:

Kæru Handknattleiksdeildar KR er vísað frá Dómstól HSÍ.

Úrskurðinn kvað upp Hulda Rós Rúriksdóttir formaður Dómstóls HSÍ.

